



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudagur 19. mars 2019 á Kjóavöllum.

8. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Auður Stefánsdóttir, Lárus Finnbogason, Sverrir Einarsson, , Margrét Tómasdóttir, Kristján Ríkharðsson, Magnús Benediktsson og Ólafur Karl Eyjólfsson boðuðu

Á þessum 8. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Bréf hefur borist frá Kópavogsbæ vegna opins hundasvæði fyrir bæjarbúa. Stjórn mun gera athugasemdir þar sem opið hundasvæði getur skapað mikila hættu við og í heshúshverfi.
3. Ragna Emilsdóttir hafði samband við formann og ræddi öryggismál. Hún hefur áhuga á að fá með sér félag og vinna að öryggismálum og koma á úrbótum á svæðinu okkar. Stjórn fagnar þessu frumkvæði og styður af heilum hug ef koma má í veg fyrir slys eins og varð t.d. í gær, er hestar fældust vegna hraðakstur í hverfinu og knapi slasaður og fluttur á slysadeild.

4. Rætt um uppsetningu öryggismyndavéla. Brotist er reglulega inn í gám félagsins og stolið t.d. flöskum. Ákveðið að fá tilboð í verkið.

5. Kristín Hermannsdóttir, varaformaður umhverfis og samgöngunefndar Kópavogs, mætti á fundinn.

kristinhermannsdottir@gmail.com. Bjarki Valberg fær erindi þeirra.

Farið yfir: Skipulag svæðisins út frá öryggi, reiðvegir í hverfinu og úrbætur, umgengi, aðgengi og notkun heyrúllustæðis, hraðakstur og þrengingar/hraðahindranir til að minnka slyshættu, lýsingu, kerrustæði, atvinnustarfsemi í hesthúsi, malbikun bílastæða, gámar við heshús, merkingar um hraða ökutækja, vatn/dren, - vatn í kringum höllina, þarf að drena Magnúsarlund, skeifuna og dren stífluðusst við Landsenda, tjaldstæði fyrir Landsmót 2022

Stjórn þakkaði fyrir góða heimsókn Kristínar.

6. Dagskrá næstu daga er þétt. Áhugamannadeildinni lýkur og framhaldskólamót verður um helgina í Samskipahöllinni.

7. Hefðbundin yfirferð gjaldkera um fjármál.

Fleira ekki gert,

fundu slitið kl.19:30

Fundargerð ritaði Margrét Tómasdóttir